

Efnisyfirlit

Tillögur til 30. aðalfundar.....	2
Félag smábátæigenda á Austurlandi	2
Hrollaugur	4
Farsæll.....	5
Árborg	6
Reykjanes	7
Báran.....	8
Reykjavík	9
Sæljón	9
Snæfell	11
Krókur	12
Elding	14
Strandir	16
Skalli.....	17
Klettur	17
Fontur	21

Tillögur til 30. aðalfundar

Landssambands smábátæigenda

Félag smábátæigenda á Austurlandi

*Aðalfundur Félags smábátæigenda á Austurlandi,
haldinn 16. september 2014, samþykkti eftirfarandi:*

1. Strandveiðar

Fundurinn vill að veiðidagar verði 4 í viku (mánudagur – fimmtudagur) og fái veiðimenn að velja um fjóra mánuði af sex mánaða tímabili apríl til september. Við þetta mundi heildarafli aukast lítillega en ávinningur yrði mikill er varðar jafnari dreifingu aflans innan tímabilsins.

2. Byggðakvóti

Fundurinn hvetur stjórnvöld að breyta fyrirkomulagi byggðakvóta þannig að þær verði eingöngu nýttar af dagróðrabátum.

Veiðiheimildunum verði úthlutað til byggðalaga samkvæmt sömu forsendum og verið hefur. Nýting heimildanna verði í höndum dagróðrabáta í formi ívilnunar á aflamark við löndun.

3. Línuívilnun

Fundurinn vill standa vörð um línuívilnunina og hún nái til allra báta sem stunda línuveiðar í dagróðrum til að skapa sterkari stöðu fyrir landsbyggðina og minni sjávarbyggðir. Með henni er verið að koma til móts við hagsmuni og þarfir minni byggða þar sem beitning er snar þáttur í atvinnulífinu og byggðunum mjög mikilvæg.

Þá skorar fundurinn á stjórnvöld að hækka línuívilnun í ýsu upp í 30% þannig að mögulegt verði að nýta þann þorsk sem úthlutað er.

4. Makríll

Fundurinn skorar á stjórnvöld að aflétta öllum veiðitakmörkunum af færaveiðum smábáta á makríll.

5. Lúðuveiðar

Fundurinn krefst þess að heimilt verði að fénýta lúðu sem veiðist á handfæri og línu sem meðafli.

6. Grásleppa

Fundurinn leggur til að veiðidagar á grásleppu verði 40 á næsta ári. Einnig skorar fundurinn á stjórnvöld að fela Hafrannsóknastofnun að óska eftir gögnum frá stjórn Alþjóða náttúruverndarsjóðsins (WWF) um hvað liggi til grundvallar þeirri ákvörðun hans að setja grásleppu- og grásleppuhrogn á válista.

Fundurinn hvetur veiðimenn að hefja ekki veiðar fyrr en verð og veiðimagn liggur fyrir.

Kári Borgar Ásgrímsson er fulltrúi félagsins í grásleppunefnd.

7. Fjarskiptasamband - sími

Fundurinn krefst úrbóta á síma- og öðrum fjarskiptasamböndum á veiðisvæðum smábáta fyrir Austurlandi og víða inni á fjörðum. Bent er á að bæði er rafmagn og sími á Dalatanga.

8. Auka heimildir vegna stækkunar báta

Fundurinn skorar á stjórnvöld að auka veiðiheimildir í krókaflamarkskerfinu. Með breytingum á lögum um stjórn fiskveiða nr. 82/2013 þar sem stærðarmörk krókaflamarksbáta voru færð upp að 15 metrum og að 30 brúttótonnum var gripið hastarlega inn í starfsumhverfi útgerða krókaflamarksbáta. Jafnvægi til leigu á veiðiheimildum hafði ríkt, en með ákvörðun Alþingis varð gjörbreyting þar á og nú nánast vonlaust að fá kvóta á leigu.

Fundurinn telur einsýnt að lagabreytingunni hafi þurft að fylgja mótvægisáðgerðir og krefst þess að stjórnvöld axli ábyrgð af afleiðingum þessa

inngríps með því að auka aflaheimildir krókaflamarksbáta.

Hrollaugur

*Aðalfundur Hrollaugis, félags smábátæigenda á Hornafirði,
haldinn 2. október 2014, samþykkti eftirfarandi:*

1. Hrollaugur mótmælir því óréttláta gjaldi sem kallast veiðigjald og sérstakt veiðigjald.

Greinargerð

Þessi gjöld drepa niður allan starfsvilja og frumkvæði einstaklinga til að standa í útgerð, þegar hagnaðurinn fer í vasa allra annarra en þeirra sem afla hans, gefast menn upp og það ýtir ennfremur undir samþjöppun í greininni.

2. Hrollaugur vill að úthlutun byggðakvóta verði tekin til gagngerar endurskoðunar.

Greinargerð

Það er ólíðandi að útgerðir geti leikið sér að því að byggðakvóti færist á milli byggðalaga.

3. Hrollaugur vill að tekin verði upp veiðistýring við krókaveiðar á makríl þannig að ekki komi til þess að stöðva þurfi veiðar á arðsamasta tímanum.
4. Hrollaugur vill að línuívilnun verði breytt í krókaívilnun fyrir dagróðrabáta.
5. Hrollaugur beinir því til LS að stuðla að því að samræma stjórnþæki löndunarkrana hringinn í kringum landið og fylgja því eftir að kranar séu í lagi.

Greinargerð

Mismunur á uppsetningu stjórnþænaðar í löndunarkrönum getur skapað slysaættu og óhagræði.

6. Hrollaugur vill að skipaskoðun verði framkvæmd annað hvert ár þar með allur búnaður s.s björgunarbátar og slökkvitæki.

Farsæll

Aðalfundur Farsæls, félags smábátæigenda í Vestmannaeyjum, haldinn 8. október 2014, samþykkti eftirfarandi:

1. Farsæll vill að strandveiðar verði leyfðar í 4 mánuði af 5, þ.e. frá apríl til ágúst.
2. Farsæll vill frjálssar makrílveiðar smábáta.
3. Farsæll er alfarið á móti byggðakvóta.
4. Farsæll vill að sérstakt veiðigjald verði frítt af fyrstu 100 tonnum. ½ frá 100 að 200 tonnum.
5. Farsæll vill að þorskkvóti verði 250.000 tonn.
6. Farsæll vill að ýsukvóti verði aukinn verulega.
7. Farsæll vill að leyfilegt verði að veiða lúðu sem meðafla.
8. Farsæll vill að síldveiðar í reknet verði leyfðar öllum smábátum óháð landsvæðum.
9. Farsæll skorar á LS að beita öllum ráðum til að koma í veg fyrir notkun snurvoðar innan 3ja sjómílna við suðurströndina.

10. Farsæll vill að Atvinnuveganefnd Alþingis greini frá því hvaða ástæður hafi legið að baki þegar nefndin ákvað að leggja til breytingar á lögum um fiskveiðar í landhelgi Íslands sl. vor þar sem 7 skip voru tekin og færð milli flokka. Með breytingunni var umræddum skipum veittur réttur til togveiða nær landi eða að 3 sjómílum í stað 4ra við Suðurland.
11. Farsæll vill að LS beiti sér fyrir því að sett verði upp sjálfvirk veðurathugunarstöð á Reynisfjalli eða Dyrhólaey.

Árborg

Aðalfundur Árborgar, félags smábátæigenda á Suðurlandi, haldinn 23. september 2014, samþykkti eftirfarandi:

1. Árborg hvetur LS til að vinna af alefli að því að ýsukvóti verði aukinn verulega þegar á þessu fiskveiðiári, enda teljum við ekki ástæðu til niðurskurðar í ýsuveiðum og mun niðurskurðurinn einungis valda vandræðum við veiðar á öðrum tegundum þar sem mikið er af ýsu á miðum víðast hvar við landið.
2. Árborg hvetur LS til að mæla gegn kvótasetningu á krókaveiddum makríl og vinna áfram að stækkun á makrílpottinum, enn fremur að makrílveiðar verði stundaðar á tímabilinu 15. júlí til 31. desember.
3. Árborg leggur til að fyrstu 100 þorskígildistonnin verði frí af sérstöku veiðigjaldi og hálf gjald á næstu 100 tonninn.
4. Árborg hvetur til þess að ef áfram eigi að nota aflareglu við þorskveiðar þá verði viðmiðið hækkað í t.d. 25%.
5. Árborg hvetur til þess að sjómannaafsláttur verði endurvakinn.

Reykjanes

Aðalfundur Reykjaness, félags smábátæigenda á Reykjanesi, haldinn 28. september 2014, samþykkti eftirfarandi:

1. Aðalfundur Reykjaness skorar á sjávarútvegsráðherra að við endurskoðun á aflareglu í þorski verði hún hækkuð aftur í 25%. Hækkað verði útgefið aflamark á fiskveiðiarinu 2014/2015 í samræmi við það.
2. Aðalfundur Reykjaness skorar á ráðherra að draga strax til baka þá skerðingu sem orðin er í línuívilnun á ýsu á fiskveiðiarinu.
3. Aðalfundur Reykjaness skorar á ráðherra að hækka nú þegar línuívilnun í ýsu í 30% vegna mikillar ýsugengdar á grunnslóð.
4. Aðalfundur Reykjaness skorar á ráðherra að færa VS-afla í sitt gamla horf, eitt heildar tímabil en ekki fjögur eins og er í dag.
5. Aðalfundur Reykjaness skorar á ráðherra að gefa færaveiðar á makríl frjálssar frá 15. júlí til 31. desember 2015.

Greinargerð

Það er búið að sýna sig og sanna að færaveiddur makrill er stærri, feitari og verðmeiri en trollveiddur og því er aukin verðmætasköpun fengin með því að veiða sem mest með þessum hætti.

6. Aðalfundur Reykjaness skorar á ráðherra að auka við ýsukvótann strax vegna þess að mikið er af ýsu á grunnslóð og eiga línubátar erfitt með að sneiða hjá henni.
7. Aðalfundur Reykjaness leggur til að hægt verði að hefja strandveiðar 1. apríl og lokadagur verði 31. júlí á svæði D.

8. Aðalfundur Reykjaness leggur til að bannað verði að róa á mánudegi eftir sjómannadag og vill að ráðherra gefi út reglugerð sem stangast ekki á við lög um sjómannadag.

Greinargerð

Lög um sjómannadag gilda til hádegis á mánudegi og þarf reglugerðin því að taka gildi frá hádegi á mánudegi til miðnættis til að bannið verði virkt.

Klemens Einarsson er tilnefndur sem fulltrúi félagsins í grásleppunefnd.

Báran

Aðalfundur Bárunnar, félags smábátæigenda í Hafnarfirði, Garðabæ og Álftanesi, haldinn 28. september 2014, samþykkti eftirfarandi:

1. Vegna þess að makrílstofninn er stærri en áætlað var í upphafi árs 2014 leggur Báran til að verði gefnar frjálssar handveiðar á makríl frá 20. júlí til 30. september.
2. Heildarpottur á strandveiðum verði aukinn um 30% og veiðitímabil verði frá 1. apríl til 30. júlí á **D** svæði.
3. Báran leggur til að ýsukvótinn verði aukinn um 30% í krókaafلامarki.
4. Báran styður hvalveiðar.
5. Báran mótmælir lúðuveiðibanni.
6. Báran leggur til að óþarft verði að skoða báta árlega. Nóg væri að skoða þá annað hvert ár nema björgunarbáta, þeir verði skoðaðir árlega.

7. Báran leggur til að LS styðji við bakið á frumkvöðlastarfsemi í útgerð smábáta og beiti sér fyrir því að framlag minni útgerða sé að fullu metið við brautryðjendastarf við veiðar á nýjum og vannýttum tegundum.
LS beiti sér fyrir bættri samkeppnisstöðu minni útgerða og smábáta við frumkvöðlastarf og viðurkenni og verji hagsmuni frumkvöðla komi til takmarkana á veiðum þegar frumkvöðlar hafa skapað ný tækifæri fyrir smábáta.
8. Báran felur LS að óska eftir heimildum fyrir túnfiskveiðar fyrir smábáta.

Reykjavík

*Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur,
haldinn 22. september 2014, samþykkti eftirfarandi:*

1. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur telur að gefa skuli makrílveiðar á smábátum frjálssar.
2. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur vill að þorskvótinn verði aukinn í 250.000 tonn og ýsukvótinn í 60.000 tonn.
3. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur vill að línuúvilnun verði 30% vegna ýsu.
4. Aðalfundur Smábátafélags Reykjavíkur vill fá símafyrirtækin til að bæta gsm og internet samband í Faxaflóa.

Guðmundur Jónsson er tilnefndur sem fulltrúi félagsins í grásleppunefnd.

Sæljón

*Aðalfundur Sæljóns, félags smábátæigenda á Akranesi,
haldinn 29. september 2014, samþykkti eftirfarandi:*

1. Kvótinn

Aðalfundur Sæljóns skorar á ráðherra sjávarútvegsmála að endurskoða ákvarðanir sínar um heildarafla í einstökum tegundum. Hvetur fundurinn ráðherra til þess að taka meira mið af tillögum frá LS. Þær eru vel ígrundaðar og rökstuddar með gögnum frá Hafrannsóknastofnun.

2. Ýsan

Aðalfundur Sæljóns skorar á ráðherra að endurskoða ákvörðun sína og auka þegar í stað við ýsukvótann.

Í algjört óefni stefnir. Þegar skoðuð eru rök Hafró fyrir tillögum um niðurskurð er margt sem túlka má á annan veg. Ýmsar spurningar vakna um þá aðferðafræði sem stofnunin notar og ekki er það nægilegt fyrir venjulegan mann þótt setja megí tölur inn í exelskjál og reikna til þess að styðja niðurstöðu sem menn vilja fá.

Hæpið er að kyngja því hljóðalaust þegar lokarökin eru „Náttúran verður að njóta vafans“. Þá erum við nær trúarbrögðum en vísindum.

3. Strandveiðar

Aðalfundur Sæljóns skorar á stjórnvöld að efla strandveiðar og festa þær varanlega í kerfinu með aukinni aflaviðmiðun. Fundurinn lýsir furðu sinni á því að ekki sé ákveðin hlutdeild til strandveiða. Ekki er ásættanlegt að ráðherra geti ráðskast með þessi mál með því að setja þau í pott með öðru.

Fundurinn styður framkomnar hugmyndir um 4 daga í viku í 4 mánuði. Þá vill fundurinn ítreka fyrri tillögur - umbreytilegt tímabil milli svæða. Þannig ættu menn að geta valið sér að byrja í apríl ef það hentar en hætta fyrir sem því nemur.

4. Línuviltun

Aðalfundur Sæljóns skorar á ráðherra að endurskoða ákvörðun sína um skerðingu á línuviltun. Fundurinn furðar sig á þeirri skammsýni sem birtist í þessari ákvörðun. Nær væri að stórauка línuviltun og láta hana ná til allra dagróðrabáta. Línuveiddur fiskur > besta hráefnið.

5. Makrill

Aðalfundur Sæljóns skorar á stjórnvöld að aflétta öllum veiðitakmörkunum af færaveiðum smábáta á makrill. Það væri ábyrg afstaða. Þegar hugað er að því hvílík „engisprettuplága“ makrillinn er sbr upplýsingar um 40% þyngdaraukningu í íslensku lögsögunni þann tíma sem hann dvelur hér. Þá er ekki hægt annað en furða sig á þeirri skammsýni og hugleysi sem birtist í ákvörðun ráðherra að stöðva veiðar smábátanna þótt öll skilyrði væru hagstæð til hins gagnstæða. Þá lýsir fundurinn yfir furðu sinni og fordæmingu á því að heimila bátum veiði á makrill í lok ágúst athugasemdalaust og láta menn fara út í kostnaðarsamar breytingar á þeim forsendum að veiðar yrðu með sama hætti og 2013. Síðan eru teknar ákvarðanir um að stöðva veiðar. Þetta þýðir að sjálfsögðu að menn sitja uppi með útlagðan kostnað upp á milljónir en hafa ekkert upp í hann.

6. Grásleppan

Aðalfundur Sæljóns hafnar alfarið afskiptum Hafró af grásleppunni. Nær væri að stofnunin settist á rökstóla með þeim sem komu henni á valista. Á hverju byggist sú niðurstaða og af hverju hefur Hafró ekkert til málanna að leggja? Markaðsaðstæður verða að ráða ákvörðun um veiðidaga og veiðiálag. Sl. veiðiár er gott til viðmiðunar.

Best er að fara sér hægt og reyna að ná samstöðu meðal veiðimanna áður en ákvörðun um verð og veiðidaga er tekin.

Snæfell

Aðalfundur Snæfells, félags smábátæigenda á Snæfellsnesi, haldinn 14. september 2014, samþykkti eftirfarandi:

1. Aðalfundur Snæfells vill leyfa löndun á hvítluðu(lúðu) sem meðafla enda sé ekki um beina sókn að ræða. Nýtt af útgerð sem annar afli.
2. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega kvótasetningu á blálöngu.

3. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega ráðgjöf Hafró á grásleppuveiðum. Fundurinn telur að hún sé í engu samræmi við veiðar og gengd grásleppu undanfarin ár.
4. Aðalfundur Snæfells ályktar að sóknardagar á grásleppuveiðum verði aldrei færri en 50 dagar á ári og að sjómenn virði netalengd og fjölda þeirra.
5. Aðalfundur Snæfells ályktar að félagsmenn fari aldrei til veiða á grásleppu fyrr en verð fyrir grásleppuafurðir liggja fyrir og telur fundurinn að 20% verðlækkun hafi ekki átt við rök að styðjast.
6. Aðalfundur Snæfells ályktar að markaðsmál á grásleppuafurðum verði tekin til endurskoðunar og lagt verði vinna í nýtt markaðsátak til að selja grásleppuafurðir til Asíu og Suður-Ameríku.
7. Aðalfundur Snæfells ályktar að lágmarksgjald hvers félagsmanns (báts) í LS verði að krónum 50.000 - fimmtíu þúsund krónur.
8. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér fyrir því af fullum þunga að úthlutað verði 15.000 tonnum af síld til handa krókabátum og smábátum með aflamark. Veiðigjöld verði í samræmi við aðra útgerðarflokka á síldveiðum.
9. Aðalfundur Snæfells ályktar að LS beiti sér af fullum þunga fyrir því að makrílveiðar á handfæra- og línubátum verði aldrei kvótasettar. Veiðar hefjist ekki fyrr en 1. júlí og verði til 31. desember ár hvert. Barist verði fyrir því að smábátar fái að veiða 15% af heildarúthlutun aflamarks í makríl.
10. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega veiðum nótaveiðiskipa á síld á grunnsævi í Breiðafirði. Það getur ekki talist vistvænt að veiða í 60 fm djúpa síldarnót á 10 fm dýpi. Fundurinn leggur til að umræddum skipum verði óheimilt að stunda veiðar á grynri sjó en sem svarar dýpt nótarinnar.
11. Aðalfundur Snæfells hvetur LS af fullum þunga í baráttunni fyrir strandveiðum með þeim tillögum sem strandveiðinefnd LS lagði til „ Strandveiðar til framtíðar“ þ.e. 4 daga, 4 mánuði, 4 rúllur og 774 kg að hámarki hvern dag.
12. Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega viðvarandi kvótaskerðingum á ýsukvóta.

13. Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að aflaregla í þorski miðist við 25% .
14. Aðalfundur Snæfells ályktar að reglugerðarlokanir standi aldrei lengur en í 6 mánuði. Umrædd reglugerðarhólf verði þá opnuð sjálfkrafa og verði skoðuð af starfsmönnum Fiskistofu.

Krókur

Aðalfundur Strandveiðifélagsins Króks, félags smábátæigenda í Barðastrandarsýslu, haldinn 20. september 2014, samþykkti eftirfarandi:

1. Strandveiðifélagið KRÓKUR skorar á sveitarstjórnir að taka undir kröfu Landssambands smábátæigenda um breytingar á reglum um strandveiðar þannig að tryggt verði að veiðar á einstökum strandveiðisvæðum stöðvist ekki vegna aflaviðmiðunar. Aðrar reglur verði óbreyttar.
2. Strandveiðifélagið KRÓKUR skorar á ráðamenn að breyta lögum um línuvílnun þannig að ívilnun í ýsu verði 30% og hún taki til allra dagróðrabáta.
3. Strandveiðifélagið KRÓKUR skorar á stjórnvöld að vinna að því að byggðakvóti verði eingöngu nýttur af dagróðrabátum.
4. Strandveiðifélagið KRÓKUR vísar á bug hugmyndum Hafrannsóknastofnunar um fjölda veiðidaga á grásleppuvertíð sem byggð er á mælingum úr togararalli stofnunarinnar. Mikilvægt er að stjórnvöld taki mið af tillögum grásleppuveiðimanna um lengd veiðitíma sem bæði er byggð á hugmyndum þeirra um stærð stofnsins og markaðsaðstæðum.

5. Strandveiðifélagið KRÓKUR leggur til að við grásleppuveiðar megi notast vil belgi í staðinn fyrir baujur við merkingu á gráslepputrossum, séu þeir rétt merktir. Rétt stærð af belg er ekki síðri en bauja.

Greinargerð

Sýnt hefur verið fram á að notkun netabauja á sumum veiðisvæðum hefur reynst illa vegna strauma og því hafa belgir verið notaðir með góðum árangri í áratugi.

6. Strandveiðifélagið KRÓKUR skorar á stjórnvöld að gefa markrílveiðar smábáta frjálssar frá 1. júlí til 31. desember.

Elding

Aðalfundur Eldingar, félags smábátæigenda í Ísafjarðarsýslum, haldinn 21. september 2014 samþykkti eftirfarandi:

1. Elding leggur til að veiðidagar á grásleppu verði aldrei færri en 60.
2. Elding vill að skötuselur verði utan kvóta við grásleppuveiðar.
3. Að handfæraívilnun verði komið á.
4. Að þorskvótinn verði aukinn í 250 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiári.
5. Að aukið verði við aflamark í ýsu í 50 þúsund tonn strax á yfirstandandi fiskveiðiári.
6. Að aukið verði við aflamark í steinbít strax í 10 þúsund tonn vegna aukinnar útbreiðslu.

7. Að þeim aflaheimildum sem teknar voru af línuívilnunarþottinum í ýsu og steinbít verði tafarlaust skilað til baka.
8. Elding krefst þess að strandveiðar verði leyfðar í 4 mánuði á hverju fiskveiðiári, 4 daga í viku með sömu formerkjum og gilda í dag.
9. Elding leggur til að skipstjórar fái að ráðstafa VS-afla til styrktar líknarsamtökum.
10. Lúða verði meðafli á línu og færi og verðmæti fer á viðkomandi útgerð eða bát.
11. Að Hafró afli upplýsinga um það magn af fæðu sem makrillinn tekur til sín á grunnslóð þann tíma sem hann dvelur í íslenskri landhelgi.
12. Elding krefst þess að samband AIS kerfisins verði stórbætt úti fyrir Vestfjörðum. Sama má segja um síma- og talstöðvarsamband. Ef nota á þessi kerfi sem öryggis- eða eftirlitstæki verða þau að virka almennilega, það vantar búnað í landi til að svo verði.

Frá stjórn Eldingar

13. Stjórn Eldingar leggur til að makrílveiðar smábáta verði frjálssar frá 1. júlí til og með 1. október á handfæri og línu. Engar takmarkanir verði á þessum veiðiskap smábáta.

Greinargerð

Með því að hafa ekkert aflahámark á veiðum smábáta á línu og handfærum skapast mikil og góð vitneskja um dreifingu á makríl á grunnslóð og inni á fjörðum og flóum en það eru þeir staðir sem Hafró er ekki að mæla útbreiðslu makríls á grunnsævi við Íslandsstrendur.

Strandir

*Aðalfundur Stranda, félags smábátæigenda í Strandasýslu,
haldinn 21. september 2014, samþykkti eftirfarandi:*

1. Aðalfundur Stranda lýsir yfir miklum áhyggjum vegna 20% niðurskurðar á veiðiheimildum í ýsu. Með ákvörðuninni er komið í veg fyrir línuveiðar frá Hólmavík og Drangnesi vegna mikillar ýsugengdar í Húnaflóa. Við blasir atvinnuleysi tuga starfsmanna á sjó og landi, sjómanna, landverkafólks og þjónustuaðila.
Aðalfundur Stranda skorar á þingmenn kjördæmisins að bregðast strax við.
Strandir benda á eftirtaldar leiðir:
 - að breyta nú þegar lögum um stjórn fiskveiða þannig að allar takmarkanir á framsali á ýsu verði afnumdar
 - auka línuívilnun í ýsu
 - að ýsuafli línubáta framtil áramóta verði reiknaður sem þorskígildi
 - taka upp ívilnun á ýsu sem veidd er á grunnslóð þannig að þriðjungur þess sem veiðist þar verði utan kvóta.
2. Aðalfundur Stranda leggur til að veiðidagar til grásleppuveiða verði að lágmarki 40. Heimilað verði að sameina grásleppuleyfi sem fjölgi dögum hlutfallslega um 50%.
3. Aðalfundur Stranda hvetur til að strandveiðar verði 4 samfellda mánuði á tímabilinu apríl - september. Heimilt verði að veiða 4 daga í hverri viku, mánudag - fimmtudag.
4. Aðalfundur Stranda fagnar þeirri aukningu sem verið hefur í makrílveiðum smábáta.
Félagið hvetur stjórnvöld að gefa makrílveiðar smábáta frjálssar frá 1. júlí til 31. desember.
5. Aðalfundur Stranda ályktar að byggðakvóta verði breytt þannig að hann verði nýttur af dagróðrabátum og komi sem ívilnun við löndun.

Skalli

*Aðalfundur Skalla, félags smábátæigenda á Norðurlandi vestra,
haldinn 19. september 2014, samþykkti eftirfarandi:*

1. Línuívilnun

Aðalfundur Skalla skorar á stjórnvöld að standa vörðu um línuívilnun og hún nái til allra dagróðrabáta.

2. Byggðakvóti

Aðalfundur Skalla skorar á stjórnvöld að breyta fyrirkomulag byggðakvóta þannig að hann verði eingöngu nýttur af dagróðrabátum.

Veiðiheimildum úthlutað til byggðalaga eftir sama hætti og verið hefur. Þess skuli gætt að ekkert skip fái byggðakvóta sem hafi leigt meira frá sér heldur en það hefur tekið til sín miðað við síðasta fiskveiðiár.

3. Strandveiðar

Aðalfundur Skalla hvetur stjórnvöld að auka við aflaviðmiðun strandveiða í samræmi við aukinn þorskvóta. Mikilvægt er að viðhalda þeim reglum sem verið hafa um strandveiðar þar sem heildaraflaviðmiðun verði rýmkuð svo ekki komi til stöðvunar eftir nokkra daga veiði.

Með heimild til að nýta fasta veiðidaga (mánudagur – fimmtudagur) í hverjum mánuði mundi heildarafli aukast lítillega en ávinningur yrði mikill er varðar jafnari dreifingu aflans innan hvers mánaðar.

Heimilt er að fara eina veiðiferð innan hvers sólarhrings.

4. Makrílveiðar

Aðalfundur Skalla skorar á stjórnvöld að aflétta öllum veiðitakmörkunum af færa-veiðum smábáta á makríl.

5. Grásleppumál

Aðalfundur Skalla hvetur til að fjöldi veiðidaga taki mið af markaðsaðstæðum. Skalli hafnar þeirri aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnun beitir við stofnstærðarmælingu á grásleppu.

6. Veiðigjöld

Aðalfundur Skalla lýsir vonbrigðum yfir að ekki hafi verið tekið tillit til sjónarmiða LS við breytingar á lögum um veiðigjöld.

7. Fljótagrunn

Aðalfundur Skalla skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að fella úr gildi reglugerð nr. 742/ 2009 um friðað hólf á Fljótagrunni.

Úttekt

Skalli samþykkir að óska eftir að LS gangist fyrir því að gerð verði úttekt á því hvaða áhrif það hafi á útgerð smábáta á landinu og þar á meðal hinar ýmsu smærri sjávarbyggðir þær breytingar sem gerðar voru á stærðarmörkum smábáta í 30 tonn.

Klettur

Aðalfundur Kletts, félag smábátæigenda Ólafsfjörður - Tjörnes, haldinn 18. september 2014, samþykkti eftirfarandi:

1. Aðalfundur Kletts lýsir vonbrigðum með að ekki sé heimiluð meiri heildarveiði í þorski og skorar á stjórnvöld að færa aflareglu í fyrra horf.
2. Aðalfundur Kletts skorar á ráðherra sjávarútvegsmála að auka nú þegar ýsukvóta og hækka hlutdeild krókabáta í 25% af heildarúthlutun sem er í samræmi við veiðar þeirra undanfarin ár.
3. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að skoða til hlítar þá aðferðafræði að úthluta veiðiheimildum til smábáta að hluta til í

porskígildum í stað kílóa í einstökum tegundum. Er þá átt við að menn gætu veitt ákveðinn hluta af sínum heimildum í ígildum talið.

4. Aðalfundur Kletts ítrekar fyrri ályktanir um að línuviltun nái til allra dagróðrabáta og viðmiðunarafli í ýsu og steinbít verði tafarlaust færður til fyrra horfs.
5. Aðalfundur Kletts skorar á stjórnvöld og ráðherra að efla strandveiðar og festa þær varanlega í sessi með því að auka varanlega aflaviðmiðun til þessara veiða og tryggja að veiðar á einstökum strandveiðisvæðum stöðvist ekki innan örfárra daga vegna aflaviðmiðunnar.
6. Aðalfundur Kletts telur brýnt að auka möguleika smábáta í veiði á makríl og vega að einhverju leyti á móti rányrkju tegundarinnar með því að gefa krókaveiðar á makríl frjálssar á grunnslóð.
7. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að færa reglur um VS afla til fyrra horfs þ.e.a.s. fiskveiðiárið eitt tímabil.
8. Aðalfundur Kletts skorar á stjórnvöld að einfalda sem mest vigtarreglur og framkvæmd á vigtun bolfiskafla. Styður Klettur þá hugmynd að afli sé endanlega vigtaður á hafnarvog með fastri ísprósentu sem endurspeglar að meðaltali rétta vigtun á fiski. Í kringum 6-8% frádrag vegna íss hjá dagróðrabátum í stað þeirra 3% sem nú eru.
9. Klettur leggur til og skorar á stjórnvöld að við endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða verði tryggð virkari verðmyndun á fiski og tryggt aukið framboð afla á skipulögðum uppboðsmörkuðum. Í þeim tilgangi er lagt til að allir útgerðaraðilar verði skyldaðir að bjóða til sölu á skipulögðum uppboðsmarkaði um 20-25% af lönduðum afla í hverri tegund með einhverjum sveigjanleika milli tegunda á hverju 3ja mánaða tímabili.
10. Klettur skorar á stjórnvöld að tryggja að langdrægni AIS kerfisins sé með þeim hætti að það nái yfir þekktar veiðislóðir smábáta s.s. svæðið í kringum Kolbeinsey, Hornbanka og norðanverðar Strandir. Því er harðlega mótmælt að farsvið smábáta sé takmarkað við ástand og ásigkomulags AIS eftirlitskerfisins eins og það er á hverjum tíma.
11. Klettur skorar á stjórnvöld að hlutast til um að Eyjafjörður verði hreinsaður af aflögðum búnaði og línunum sem áður tilheyrðu fiski- og kræklingaræktendum á

svæðinu. Nú er engin slík starfsemi í gangi og leifar af þessum búnaði hafa þegar valdið sjófarendum hættu og umtalsverðu tjóni á bátum.

12. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að breyta fyrirkomulagi reglugerðarlokana þannig að reglugerð sem felur í sér lokun hólfá falli úr gildi eigi síðar en þremur árum eftir að þau hafa verið ákveðin.
13. Aðalfundur Kletts styður ályktun LS og skorar á sjávarútvegsráðherra að fella úr gildi reglugerð nr. 742/2009 um friðað hólfa á Fljótagrunni.
14. Aðalfundur Kletts fordæmir vinnubrögð stjórnvalda að færa ráðherra óheft völd hvernig úthlutað er til strandveiða, línuvildunar og byggðakvóta. Þessi ráðstöfun er algerlega á skjön við heilbrigða og gegnsæja stjórnsýslu og til þess eins að leiða til sundrungar og spillingar.
15. Aðalfundur Kletts skorar á atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra að bæta sjómönnum nú þegar upp þá tekjuskerðingu sem þeir hafa orðið fyrir með afnámi sjómannaafsláttar.
16. Aðalfundur Kletts hafnar þeirri aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnun beitir við stofnstærðarmælingar á grásleppu og þeirri ráðgjöf sem á henni er byggð.
17. Aðalfundur Kletts leggur til að upphafsdagur grásleppuveiða verði 10. - 20. mars á svæði E að því gefnu að verð liggja fyrir. Ákvörðun um veiðidaga verði í höndum LS og taki mið af markaðsaðstæðum.
18. Aðalfundur Kletts leggur til að heimildir til stækkunar grásleppuleyfa verði felldar úr gildi, jafnframt verði skoðaðar leiðir til að sameina leyfi og auka hagræðingu.
19. Aðalfundur Kletts leggur til að hægt verði að segja sig úr strandveiðum um hver mánaðamót.
20. Aðalfundur Kletts leggur til að útgerðum verði gert kleift að velja um fjögurra mánaða samfellt strandveiðitímabil frá 1. apríl – 30. september.

Fontur

*Aðalfundur Fonta, félags smábátæigenda á Norðausturlandi,
haldinn 17. september 2014, samþykkti eftirfarandi:*

1. Fontur skorar á stjórnvöld að breyta lögum um stjórn fiskveiða þannig að heimilt verði að stunda strandveiðar 4 daga í viku tímabilið maí – ágúst. Aðrar reglur verði óbreyttar.
2. Fontur telur brýnt að auka markaðsstarf fyrir grásleppu. LS efli samstarf við aðrar veiðipjóðir þar sem lögð verði áhersla á að framboð taki mið af markaðsaðstæðum.
3. Fontur mótmælir harðlega öllum tilburðum Hafrannsóknastofnunar við stjórnun grásleppuveiða á grundvelli niðurstaðna úr togararalli.
4. Fontur skorar á stjórnvöld að lækka almennt veiðigjald og að fastur afsláttur af sérstöku veiðigjaldi verði hækkaður.
5. Fontur lýsir stuðningi við tillögur stjórnar LS um ívilnandi reglur um byggðakvóta. Félagið telur brýnt að koma á stöðugleika varðandi hann og úthlutun til sveitarfélaga verði óbreytt í 3 – 5 ár í senn.
6. Fontur tekur undir tillögu stjórnar LS frá 16. júlí sl. um mótvægis-aðgerðir vegna breyttra reglna um stærðarmörk krókaaflamarks-báta.
7. Fontur skorar á innanríkisráðherra að beita sér fyrir því að breyta reglum um skoðun smábáta þannig að þær verði framkvæmdar annað hvert ár að undanskildum björgunarbát. Ennfremur að hraðað verði vinnu við mótun reglna um sjálfskoðun smábáta.
8. Fontur telur brýnt að LS hefji vinnu til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði fyrir grásleppu og grásleppuhrogn. Á það jafnt við upplýsingaöflun um verð og aðstoð við veiðimenn og einstök félög smábátæigenda um sölu.
9. Fontur lýsir stuðningi við hvalveiðar.
10. Fontur leggur til að reglum um grásleppuleyfi verði breytt þannig að hægt verði að sameina tvö leyfi. Sameinað leyfi fjölgi veiðidögum hlutfallslega um 50%.